

þar til gefnu tilefni frá hálfu yfirdómsins, látið það álit sitt í ljósi, að hinn ákærði hafi haft fulla hugmynd um, hvað hann gjörði, og geti þannig ekki komizt undan lagalegri tilreiknun fyrir afbrot sitt. Samkvæmt þessu ber að heimfæra brot hins ákærða undir 230. grein hegningarlaganna, og virðist hegning hans þá hæfilega metin 5 daga fangelsi við vatn og brauð; svo ber honum og að borga allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, 10 krónur til hvors þeirra um sig.

Meðferð málsins í hjeraði og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum hefur verið lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði Skapti Jónsson á að sæta fangelsi við vatn og brauð í 5 daga og borga allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, organista P. Guðjohnsens og málaflutningsmanns Páls Melsteðs, 10 krónur til hvors.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 8/1876:

Rjettvísín

gegn

Magnúsi Bjarnasyni og Eileifi Magnussyni.

D ó m u r.

Hinir ákærðu Magnús Bjarnason og Eileifur Magnússon, sem báðir eru komnir yfir lögaldur sakamanna og ekki hafa áður verið dæmdir nje ákærðir fyrir neitt lagabrot, eru með aukarjettardómi Reykjavíkurkaupstaðar 31. janúarmán. dæmdir fyrir þjófnað, hinn fyrri í  $3 \times 5$

og hinn síðari í  $2 \times 5$  daga fangelsi við vatn og brauð og í málskostnað; og hefur hlutaðeigandi amtmaður áfrýjað dómi þessum til landsyfirjettarins.

Með eigin játningu hinna ákærðu og skýrslum þeim, sem fram eru komnar undir rannsókn þessa máls, er það löglega sannað, að þeir í júlímánuði í fyrra hafi báðir í sameiningu um næturtíma, þegar fólk var í svefni, stolið poka úr farangri ferðamanns, Vigfúsar bónda Ófeigssonar frá Framnesi á Skeiðum, og var farangur þessi úti við hús Eyjólfss gullsmiðs Oddssonar hjer í bænum. Í pokanum voru 80 merkur af ull og 5 merkur af smjöri, sem til samans er metið 36 krónur. Enn fremur er hinn ákærði Magnús Bjarnason orðinn sannur að sök um að hafa stolið gamalli silfurteskeið, sem hann segist hafa selt fyrir 3 krónur, og sömuleiðis 2 krónum í peningum. Allt hið stolna er komið til skila og fengið eigendunum, nema teskeiðin, er eigandinn hefur krafizt 1 kr. 66 a. í enlurgjald fyrir.

Hegningin fyrir þetta afbrot hinna ákærðu virðist hæfilega metin samkvæmt 230. grein hegningarlaganna til  $4 \times 5$  daga fangelsis við vatn og brauð fyrir Magnús Bjarnason og  $3 \times 5$  daga fangelsis við vatn og brauð fyrir Eileif Magnússon, og ber þeim öðrum fyrir báða og báðum fyrir annan að borga allan af málinu gegn þeim löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum 10 krónur til hvors. Svo ber Magnúsi Bjarnasyni og að borga Mad. Waage hjer í bænum iðgjöld með 1 kr. 66 a.

Dráttur sá, er orðið hefur á málinu, virðist vera rjettlættur með veikindum og annríki undirdómarans og erfíðleikum þeim, sem voru á að fá skýrslu Vigfúsar Ófeigssonar, og því vottast, að meðferð málsins í hjer-

aði og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum hafi verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinir ákærðu Magnús Bjarnason og Eileifur Magnússon sæti, hinn fyr nefndi 4 × 5 daga og hinn síðar nefndi 3 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð, og borgi báðir fyrir annan og annar fyrir báða allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmanns Páls Melsteðs og organista P. Guðjohnsens, 10 krónur til hvors. Enn fremur ber hinum ákærða Magnúsi Bjarnasyni að greiða 1 kr. 66 a. í iðgjöld til Mad. Waage.

Ídæmd iðgjöld ber að greiða innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa og honum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 8. maímán.

Nr. 35/1875:

Benidikt Jónsson

gegn

Friðriki Davíðssyni og börnum

Jónatans Davíðssonar.

D ó m u r.

Á skiptum á dánarbúi Ragnheiðar Friðriksdóttur frá Hvarfi í Viðidal kom upp ágreiningur milli erfingjanna, en þeir eru: 1, sonur hinnar framliðnu, Friðrik bóndi Davíðsson á Hvarfi; 2, dóttir hennar, Jóhanna Davíðsdóttir, gipt Benidikt bónda Jónssyni á Hólkoti í Fljótum, og 3, börn sonar hennar, Jónatans Davíðs-